


SNIÐ C-C M.1:5

JARÐVEGSSKIFTI UNDIR SÖKKLUM:

Sé jarðvegur talinn of laus til að steypa megi á honum sökkla, skal grafa allt slíkt efni burt niður á fastara jarðlag. Uppgróftur skal að minnsta kosti ná jafnlangt út fyrir sökkla og dýpt uppgraftar undir sökklum er. Fylla skal síðan í grunninn með viðurkenndu fyllingarefni, hrauni, sjávarmól eða leir- og moldarfríri grús og skal þjappa fyllinguna í lögum með vibrationsþjöppu. Skal þjöppunin ná a.m.k. sömu gæðum og fæst með 5 umferðum 1to. vibrationsvaltara þegar grús er fyllt í 60cm lögum. Þegar grús er notuð í fyllinguna skal væta hana rækilega jafnhliða þjöppuninni. Hafa skal samráð við byggingarfulltrúa og teiknistofu s. 84599 varðandi fyllingarefni sem notað er og tiltæk tæki til þjöppunar.



BREIDD SÖKKLA:

Sökkla steypir á klópp eða móhelli, B=20cm
 Sökkla steypir á þjappað sand- eða malarlag, B=25cm.

SKÝRINGAR:

UPPGRÓFTUR:

Fjarlægja skal allan lífrænan jarðveg úr grunninum svo sem mold og mó, Grafa skal fyrir sökklum niður á nægilega traustan jarðveg. Byggingarfulltrúi staðarins taki út grunnstæði hússins.

ÁLAG Á SÖKKLA:

Álag á sökkla undir einingahúsum, án kjallara er 1,7 t/m eða 8,5 t/m² við 0,2m breiða sökkla og 6,8 t/m² við 0,25m breiða sökkla.

UPPSLÁTTUR SÖKKLA:

Uppsláttur sökkla sé rækilega afstífaður og skal vera nákvæmlega í réttri hæð, og réttri línu. Sérstaklega þarf að vanda uppslátt sökkla.

DÝPT SÖKKLA:

Nedri brún sökkla sé a.m.k. 120cm fyrir neðan jarðvegsyfirbord, nema klópp sé ofar, þá er lágmarkshæð sökkla 40cm.

JÁRNALÖGN SÖKKLA:

Járn Ks 40 merkt K. Setja skal 2 K12 efst og neðst sbr. þversnið. Járnin séu heil um horn eða víxllögð um minnst 60cm.

STEYPA SÖKKLA:

Öll steypa S 200 með sigmáli 9cm og lofti 4%

EINANGRUN SÖKKLA:

Sökkla skal einangra með 2" frauðplasti, sem líma skal á sökkulveggi. Einangrunin skal ná a.m.k. 50cm niður á sökkulveggina og undir alla gólfplötuna.

FYLLING Í SÖKKLA:

Eftir að sökkla hafa verið steypir, skal fylla upp undir gólfplötu með viðurkenndu fyllingarefni, sem þjappa skal í 30cm lögum. Sérstaka áherslu skal leggja á að þjappa plötumidjur svo engin hættu sé á að fyllingin sígi undir plötunni. Sé hraun notað skal holufylla yfirborðið með sandi. Ekki skal grafa fyrir frárennslislögnum fyrr en fyllingin hefur verið þjöppuð.

ÚRTÖK FYRIR LAGNIR:

Sjá lagnateikningar.



RVK 1001/82	HÚSASMÍÐJAN H SÚÐAVOGI 3-5, RVK. SÍMI 84599	GERD NR.
REIKN. TEIKN. SS SGS YFIRF.	LJÓSABERG 10	VERK NR. S 735
MÆLIKV. 1:5	SKÝRINGAR VÐ SÖKKLA-STEINHÚSA	TEIKN NR. 10